

**Fundargerð 48. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 22. október 2018 kl. 13:15**

**Dagskrá:**

1. Byggðamálaráð
2. Árlegir fundir stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga
3. Aðgerðir á byggðaaætlun:
  - a) Nærþjónusta við innflytjendur (A.13)
  - b) Innleiðing fjarheilbrigðisþjónustu (A.5)
  - c) Störf án staðsetningar (B.7)
4. Önnur mál

**Mættir:** Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Björn Freyr Björnsson (SRN), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Þórarinn Sólmundarson (MRN), Bryndís Þorvaldsdóttir (VEL), Eva Margrét Kristinsdóttir (VEL), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Sigurður Guðmundsson (FJR), Karitas Gunnarsdóttir (MRN), Unnur Valborg Hilmarsdóttir (landshlutasamtökunum), Karl Björnsson (Sambandinu) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina. Sigurður og Karitas yfirgáfu fundinn kl. 14:55.

Hermann Sæmundsson sat hluta fundarins.

**Fjarverandi:** Arnar Freyr Einarsson (ANR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Hrund Hafsteinsdóttir (UTN), Steinunn Valdís Óskarsdóttir (ANR) og Árni Ragnarsson (Byggðastofnun).

Fundargerð 47. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

**Umfjöllun og afgreiðsla:**

Unnur Valborg, nýr áheyrnarfulltrúi landshlutasamtaka sveitarfélaga, var boðin velkomin á fundinn. Um leið var skýrt frá því að Björn Freyr (SRN) lætur brátt af störfum í ráðuneytinu og hættir jafnframt í stýrihópnum.

**1. Byggðamálaráð**

Framhald frá síðasta fundi þar sem gerð var grein fyrir skipan byggðamálaráðs sem varð til með tilkomu laga nr. 53/2018 um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála. Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðinu, mætti á fundinn til að taka þátt í umræðunum, sem urðu allnokkrar. Fram kom meðal annars að með skipan byggðamálaráðs væri að hluta til verið að formgera verkefnisstjórn um mótum nýrrar byggðaaætlunar. Ráðið starfar í umboði ráðherra og takmarkast skipunartími þess við embættistíma ráðherra. Hlutverk ráðsins er að gera, að fengnum áherslum ráðherra, tillögu að stefnumótandi byggðaaætlun til 15 ára og fimm ára aðgerðaaætlun. Við undirbúning skal áfram haft samráð við öll ráðuneyti á vettvangi stýrihópsins, sveitarfélög og aðra haghafa. Hermann vék af fundi að loknum umræðum.

**2. Árlegir fundir stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga**

Verkefnisstjóri dreifði yfirliti yfir fundi með landshlutasamtökunum í október og nóvember. Formaður ræddi um efni fundanna. Þar verður m.a. rætt um endurnýjun sóknaráætlanasamninga. Skoða þarf stöðu áhersluverkefna, endurskoða reiknireglu, ræða samráðsvettvang o.fl.

### 3. Aðgerðir á byggðaáætlun

Á síðasta fundi var ákveðið að aðgerðir á byggðaáætlun verði fastur liður á dagskrá þessara funda. Rætt var um eftirfarandi aðgerðir:

- a) *Nærþjónusta við innflytjendur* (aðgerð A.13). Eva Margrét Kristinsdóttir (VEL) greindi frá stöðu þessa verkefnis og verkefni B2 í framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda sem tengist því. B2 fer af stað í nóvember, en A.13 í kjölfarið. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið leggur 5 milljónir á ári til verkefnisins á tímabilinu 2018-2021, samtals 20 milljónir.
- b) *Innleiðing fjarheilbrigðisþjónustu* (A.5). Bryndís Þorvaldsdóttir (VEL) ræddi um aðgerð A.5 um innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu. Kaupa á tæki á heilbrigðisstofnanir til að sinna þjónustunni. Starfshópur um þessi mál er nýbúinn að skila skýrslu til ráðherra. Búið að gera verkáætlun. Einnig á að setja á fót samstarfsráð um málið. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið leggur 20 milljónir á ári til verkefnisins á tímabilinu 2018-2024, samtals 140 milljónir.
- c) *Störf án staðsetningar* (B.7). Formaður fór í gegnum stöðu þessa verkefnis og sagði m.a. frá því að það verði til umfjöllunar í Landanum á RUV. Samkvæmt byggðaáætlun eiga ráðuneyti og stofnanir að vera búnar að skilgreina fyrir lok árs 2019 hvaða störf þetta gætu verið. Talsverð umræða varð um þennan lið.
- d) Formaður greindi frá því að 27 umsóknir hefðu borist í framlög til *sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða* (aðgerð C.1) og 16 umsóknir í framlög til *fjarvinnslustöðva* (aðgerð B.8). Enn er opið fyrir umsóknir um framlög til *verslunar í strjálbýli* (aðgerð A.9).

### 4. Önnur mál

Engin önnur mál voru til umræðu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:06